

## Safnað í sarpinn

MYNDLIST  
ANNA JÓA

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Ný aðföng 2006-2010

★★★★☆

Til 23. janúar 2011. Opíð alla daga kl. 10-17. Aðgangur ókeypis.

Safneign Listasafns Reykjavíkur nemur um 16 þúsund listaverkum, þarf af eru verk í almennri listaverkæign safnsins 3136, þ.e. verk sem hvorki eru í almenningsrými utandyra eða tilheyra sérsofnum kenndum við einstaka listamenn, t.d. Kjarval og Erró. Nýlega áskotnaðist safninu á fjórða hundrað verka að gjöf frá Erró, þ. á m. nokkur Kjarvalsverk. Á síðastliðnum 5 árum hafa 245 verk verið keypt inn og á sýningunni „Ný aðföng“, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, má glöggva sig nánar á þessum innkaupum og sjá sýnishorn verkanna.

Verkin á sýningunni endurspeglar nokkuð jafnt kynjahlutfall og þótt verk eftir karla séu ívið fleiri, er þetta mikil breyting frá fyrri tíð. En hvað ræður helst för í vali á verkum, annað en jafnréttissjónarmið? Þar eru gæði að sjálfsgöðu í fyrirrúmi; fólkið sem valist hefur í innkaupanevnd hefur allar faglegar forsendur til að meta hvað telst góð myndlist – og hvaða myndlist endurspeglar helstu strauma og stefnur en slíkt er mikilvægur hvati á bakvið söfnunina. Safninu ber að verða eins „fullkomið“ og unnt er, með áherslu á listsköpun í Reykjavík. Mikilvægur þáttur í þeirri við-



Morgunblaðið/Golli

Ný aðföng Hér má m.a. sjá verk eftir Ingu Dórey Jóhannsdóttur, Þórdísi Aðalsteinsdóttur og Guðrúnu Hrönn Ragnarsdóttur. Verkin á sýningunni endurspeglar ýmsar stefnur og strauma.

leitni felst í því að stoppa upp í göt eða eyður í safneigninni, eða jafnvel í leiðréttingum: sífellt er verið að endurmeta listasöguna.

Nokkur fjöldi verka er frá sýningum á vegum safnsins sjálfs. Þannig er að finna verk frá því snemma á ferli Braga Ásgeirssonar frá yfirlitssýningunni „Agnasinfonía“ árið 2008, myndir eftir Eyborgu Guðmundsdóttur (frá 1975) og Arnar Herbertsson frá sýningunni „Blik“ sem haldin var í fyrria og

fjallaði um op-list, og vatnslitaverk, m.a. eftir Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá frá sýningunni „Blæbrigði vatnsins“ fyrr á þessu ári. Æting eftir Ragnheiði Jónsdóttur var hluti sýningarinnar „Með viljann að vopni“ á haustmánuðum og plöntuþrykk eftir Eggert Pétursson sáust á yfirlitssýningu á verkum hana árið 2007 en þessar sýningar voru allar haldnar á Kjarvalsstöðum. Verk eftir fjóra listamenn tengjast svo sýningunni „Ljósílitlufun“ sem haldin var í

Hafnarhúsinu í ársbyrjun. Málverk Þórdísar Aðalsteinsdóttur var sýnt á einkasýningu hennar á Kjarvalsstöðum árið 2006 auk þess sem sjá má verk eftir marga listamenn sem komið hafa að sýningarhaldi á vegum safnsins, þótt verkin séu ekki þau sömu og þar voru sýnd. Þannig fara saman rannsóknir safnsins á myndlist, miðlun og innkaup – og söfnunin undirstrikar það list-sögulega mat sem felst í sýningum þess. Af þessari upptalningu má sjá að slík starfsemi lýtur bæði að því að greina strauma og mikilvægi listamanna í samtímanum, og í endurliti að bæta við því sem vantar inn í safneiginina, svo sem ákveðnum miðlum eða tímabilum, verkum eftir tiltekna listamenn og þ. á m. verkum kvenna sem lítið hefur verið framhjá.

Mörg verkanna hafa auðvitað verið keypt á ýmsum sýningum utan safnsins, með áherslu á fjölbreytni miðla; þarna má sjá teikningar, vatnslitamyndir og málverk, keramik, skúlptúr- eða rýmisverk, grafík, textaverk, vídeó, hljóðverk, textílvörk og ljósmyndir. Umfjöllunarefni listamannanna spanna allt frá sígildri glímu við liti og form á tvívíðum fleti, frásagnarlegum verkum þar sem annarleikinn er í fyrirrúmi, ljósmyndum sem taka á samfélagslegum álítamálum, til víðamikilla innsetninga. Breidd listamanna er af hinu góða en meðal þess sem vert er að gefa gaum eru teikningar frá eftirminnilegri sýningu Guðjóns Ketils-sonar í Listasafni ASÍ, skemmtilegar klippi-myndir eftir Jón Laxdal, kögurklætt og húnorískt verk í anda naumhyggjunnar eftir Guðrúnu Hrönn Ragnarsdóttur, fant-asiúkennt safn Olgu Bergmann og ógrandi skúlptúr Jóns Gunnars Arnasonar frá árinu 1973 sem talar beint inn í samtíman.

## Stjörnudiskur

TÓNLIST  
VERNHAÐUR  
LINNET

Geisladiskur

Jól Pálsson: Horn★★★★

Jól Pálsson tenórsaxófón og kontrabassaklarinett, Ari Bragi Kárason trompet og flygilhörn, Eyþór Gunnarsson píanó, Rhodes píanó og Minimoog, Davíð Þór Jónsson, Hammond-orgel, Minimoog, barítónsaxófón og rafbassa og Einar Scheving trommur. Tekið upp í Stúdíó Sýrlandi 28.-30. ágúst 2010. Flugur003.

Þetta er ævintýrlega góð plata og segir minnst að gefa henni fimm stjörnur á þeim tíma þegar fimm stjörnur skreyta umsagnir um allskonar meðalverk í tónum og orðum; sem er kannski ekkert skritið þegar fjölmenni sest í sæti



gagnrýnenda og engin viðmið eru sett af fjölmiðlum um stjörnu-gjafir. Horn er fimmti diskur Jóls með eigin hljómsveit á tólf árum og flestir þeirra marglof-aðir og verðlaunaðir bæði heima og erlendis. Tónlist Jóls hefur breyst síðan *Prím* kom út 1998 – séri lagi hefur hrynmyndin þróast – orðið sterkari og ágangari einsog varð m.a. hjá Miles Davis og ýms-um af strákunum hans eftir að þeir yfírgáfu meistarana. Harðbopp-yfirbragð sumra verkanna verður ekki eins heyranlegt í hrynorgiunni, en ballöðulínurnar fögru skjóta upp kollinum – jafn-vel enn magnaðri en fyrr einsog „Keilir“ og „Pel“, þarsem hinn mjúki blástur með rætur í völd-ugum tenórtóni millistríðsáranna ásamt Rollins og Coltrane, gnæfir við himin. Allt mótað í hinn jóel-íska stíl sem hefur haft mikil áhrif á yngri saxófónleikara hérlendis.

Það ekki bara Jól sem er stjörnuslisti á plötunni. Hinn ungi Ari Bragi Kárason hefur aldrei leikið jafnvel og þarna og flyg-



Morgunblaðið/RAX

Jól Pálsson „Þetta er ævintýrlega góð plata,“ segir rýnir um Horn.

ilhornssóló hans í „Peli“ er full-þroska. Eyþór Gunnarsson er líka flottur í sólu sínum í þeirri ballöðu glæsilega studdur hljómaff Davíðs Þór, sem á fina orgelspretti víða ss. í „Togi“ og „Tjörn“. Einar Valur er svo kjölfesta hins oft massífa hljómaffs Eyþórs og Davíðs Þórs sem og hrynurinn magnar list einleikaranna. Lögín eru níu og má segja að þau myndi eina svítu frá fyrstu píanóhljómun Eyþór í „Stigmál“ þartil Jól endar „Bíslag“ oft rifinn einsog fríd-jassararnir, en líka rafmagnaður og lokatóninn websterískur framhjáblástur. Fullkomin lok á magnaðri plötu þarsem heyrna mátti margan demantinn sem fór ofangarðs og neðan á kraftmiklum hljómléikum á Jazzhátíð Reykjavíkur í haust, degi áður en haldið var í hljóðver.

Ef *Prím* og *Klif* voru ferðalag frá hinum órafmagnaða Miles til frjálssari spuna og *Septett* bætti sveifluþættinum oft skemmtilega við, var *Varp* upphaf hins marg-ræðari hrynsem kenndur er við flest frá rokki til pónks og fónks og síðan sameinast allir þessir þættir í *Horni* sem er höfuðverk Jóls til þessa. Hvert leiðin liggur þaðan verður spennandi að heyrna.

## Hnútararnir ekki rétt hnýttir

BÆKUR  
STEINÞÓR  
GUÐBJARTSSON

Önnur líf

★★★★☆

Eftir Ævar Örn Jóseppsson. Uppheimar, 2010. 361 bls.

Samtíminn er einkar hugleikinn rithöfundum um þessar mundir en þeir fara misjafnlega með hann og sem betur fer er varla hætt á því að sagnfræðingar framtíðar leiti í smíðju glæpasagnahöfunda nútíðar til að varpa ljósi á stöðu og gang mála á líðandi stundu.

Glæpasagan *Önnur líf* eftir Ævar Örn Jóseppsson er ein þessara samtímasagna þar sem hrottagleg nauðgun og morð tengjast hruninu og eftirmála þess. Byrjunin lofar góðu af sakamálasögu að vera en fljótlega fer allt á verri veg og plottið gengur einfaldlega ekki upp. Allt of margir endar eru lausir og hnútararnir ekki rétt hnýttir.

Höfundur tengir söguna við samtímann með til dæmis því að gera



Morgunblaðið/ÞÓK

Ævar Örn „Höfundur málur veruleikann frekar dökkum litum.“

raunverulega menn að persónum í eigin hlutverki. Síðan er ýmislegt nefnt til sögunnar sem hefur gerst hérlendis undanfarin tvö ár og það fært í búning auk þess sem sjá má líkindi í sögunni með mönnum og málefnum. Gott og vel, en þegar gert er lítið úr laganna verði og búinn til drykkjurútur og fífl úr lögreglu-manni, sem annars gegnir veigamiklu hlutverki, dettur botninn úr sögunni. Ekki bætir úr skák þegar þingmaður er gerður að drullusokki og lágkúran nær hámarki sínu í sameiginlegum ódæðum fjölskyldu-meðlima. Þá er langt því frá trúverðugt að bendla ódæðismann við stjórnmálaflokk og líknarsamtök og gefa þannig jafnvel til kynna að við-



komandi starfi í skjóli flokksins og samtakanna.

Þetta er subbuleg bók. Vel má vera að undirheimar hérlendis séu orðnir óyfirstíganlegir og að stjórnvöld ráði

ekki við neitt, en höfundur málur veruleikann frekar dökkum litum og valtar yfir nánast allt og alla. Ekki trúverðugt. Sama á við um stúlinn. Reynt er að gera samræður sem eðlilegastar og þær virðast oft vera það en þetta stöðuga enskuskotna mál er þreytandi til lengdar og virkar óraunverulegt. Það er líka pinlegt að reyndur rithöfundur skuli endurtaka sig orðrætt og það í sama kafla, en tvær fyrstu málsgreinarnar í 2. kafla eru þær sömu og næstu tvær.

Ævar Örn Jóseppsson hefur skrifað spennandi bækur og þess vegna hefði mátt búast við betra verki að þessu sinni en raun ber vitni. Í sögulo-er ýmislegt opíð og ekki kæmi á óvart þó sjálfstætt framhald fylgdi sögunni. Þá hlýtur höfundur að gera betur og verður í raun að gera það til þess að standast samkeppnina.

## Enginn er eyland

BÆKUR  
ARNAR EGGERT  
THORODDSEN

Einmana prímtölur

★★★★☆

Eftir Paolo Giordano. Bjartur (Neon) 2010. 359 bls. Hjalti Snær Ægisson þýddi.

Það ætti engan að undra að Paolo Giordano hafi fengið hin virtu Premio Strega-verðlaun fyrir þessa fyrstu skáldsögu sína. Sem fyrsta verk er hún að sönnu tilkomumikil þó að ýms-issa vankanta gæti um leið.

Sagan fjallar um tvær einmana sálir, þau Alice og Mattia sem eru að eilífu tengd en ná þó aldrei fyllilega saman. Alice stríðir við líkamlega fötlun, er hölt á fæti eftir skíðaslys í



Paolo Giordano Hann „Lýsir vel sálarlífi söguhetjanna.“

æsku en hún er einnig anorex-úsjúklingur. Mattia er hins vegar á mörkum þess að vera einhverfur og hefur það á sálinni að hafa valdið dauða tvíbúrasystur sinnar.

Rennsli sögunnar og bygging hennar er glúrín og þýðing Hjalta Snæs Ægissonar er lipur. Hann nær að snara andblæ og stemningu allrar framvindu vel og þægilegt fúmleysi er bundið í blaðsíðurnar. Tónninn er



fölur og melankólískur og Giordano lýsir vel sálarlífi söguhetjanna sem eru dæmdar til einmanaleika þótt þær strögli af misveikum mætti við að ná einhverri tengingu við umheiminn. Giordano, sem er eðlisfræðingur, notar þá stærðfræðileg hugtök skemmtilega til að varpa ljósi á meinsemdir Mattia.

Því miður, og það er helsti löstur sögunnar, nær hún ekki að halda dampi út í gegn. Þannig er fyrsti þriðjungurinn mjög vel stílaður og þéttur en eftir það losnar um og manni líður eins og einhver tækifæri hafi farið forgörðum. Maður sér fyrir sér fljótræði og fát vegna dauðastíku-unnar alræmdu. En hvað sem öðru líður er þetta lofandi höfundur og meistaraverkin biða, sé vel haldið á spöðum.